

65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 1861.
vesturumdæminu, um laun handa settum amt- 12. septbr.
manni.

Í sambandi við bréf dómsmálastjórnarinnar 11. júlím. þ. á., um að þér skylduð fyrst um sinn gegna amtmannsembættinu í vesturumdæminu á Íslandi, skal yður það nú kunngjört, að dómsmálastjórnin leyfir, samkvæmt því sem þér hafið sótt um, að þér, frá því 1. júnímánaðar, er síðast leið, og meðan þér gegnið amtmannsembættinu, fáið full laun, þau er lögð eru til embættis þessa, að meðtöldum húsaleigustyrk, launaviðbót eptir kornverði, og skrifstofufè, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið ritað það, er með þarf um þetta efni.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 20. septbr.
á Íslandi, um borgun fyrir læknisáhöld handa
landlækni.

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá bréf yðar, herra stiptamtmaður, 9. aprílm. þ. á., hafa verið keypt, uppá kostnað jafnaðarsjóðs suðurumdæmisins, ýmisleg ný læknisáhöld, og þau síðan send landlækni á Íslandi.

Um leið og þetta er þannig kunngjört yður, eruð þér beðnir að hlutast til um, að þeir 118 rd., er hafa gengið til að fá fyrir áhöld þessi, og til bráðabyrgða hafa greiddir verið úr aðalféhirzlu ríkisins, verði endurgoldnir á þann hátt, að þeir séu greiddir úr jafnaðarsjóðnum inn í jarðabókarsjóð Íslands.